

Elías Jónatansson,
bæjarstjóri

Þriggja ára áætlun Bolungarvíkurkaupstaðar fyrir árin 2010 til 2012 lögð fram á bæjarstjórnarfundum 18. júní 2008 – fyrri umræða

Þriggja ára áætlun fyrir árin 2010 til 2012 byggir á þeirri vinnu sem lögð hefur verið í endurskipulagningu á rekstri sveitarfélagsins undanfarna mánuði. Áætlunin er stefnumarkandi fyrir rekstur og fjárfestingar bæjarfélagsins á næstu árum. Búið er að setja inn í áætlun fyrir árið 2010 ákveðnar framkvæmdir en á árinu 2011 og 2012 er settur rammi um fjárfestingu án þess að ákveða í hvaða röð verður farið í fjárfestingar og er það í samræmi við 63. grein sveitarstjórnarlaga og 8. grein bæjarmálasambýkktar.

Tekjur

Áætlunin gerir ekki ráð fyrir aukningu tekna á föstu verðlagi þann tíma sem hún nær yfir. Rétt er þó að geta þess að gert er ráð fyrir að tekjur á milli áruna 2009 og 2010 minnki um 13 milljónir króna, þrátt fyrir að gert sé ráð fyrir 10% verðbólgu á árinu 2009 og 5% verðbólgu á árinu 2010. Ástæða þess að gert er ráð fyrir minni tekjum er sú að miklar framkvæmdir eru í gangi á þessu ári í sveitarfélaginu, sem klárast væntanlega um mitt næsta ár. Þar er sérstaklega átt við framkvæmdir við jarðgöng, en þær framkvæmdir hafa haft jákvæð áhrif á útsvarstekjur sveitarfélagsins. Áætlunin gerir ráð fyrir að framlög jöfnunarsjóðs verði óbreytt öll árin og er þá miðað við sömu fjárhæð og í fjárhagsáætlun 2009, en í þeirri áætlun er reiknað með lækkun frá rauntölum 2008 um 15% eða 24 milljónir króna. Reiknað er með að aðrar tekjur séu 3% lægri en í áætlun ársins 2009 og haldist óbreyttar 2010, 2011 og 2012.

Giöld


Áætlunin gerir ráð fyrir verulegri lækkun launakostnaðar. Lækkunin stafar af þeim hagræðingum og sparnaðaraðgerðum sem hrint hefur verið í framkvæmd í kjölfar vinnu við fjárhagsáætlun ársins 2009. Ljóst er að mikils aðhalds er þörf til að þær áætlanir gangi eftir. Það mun ójákvæmilega reyna talsvert á yfirstjórn og stjórnendur stofnana bæjarfélagsins að fylgja þeim áætlunum eftir næstu árin. Á sama hátt mun reyna á stjórnendur við niðurskurð á öðrum rekstrarkostnaði, enda þótt þar sé um lægri upphæðir að ræða.

Fjárfestingar og niðurgreiðsla skulda

Þær fjárfestingar sem búið er að gera ráð fyrir í áætlun ársins 2010 eru í félagsheimilinu, en þar er reiknað með að fjárfest verði fyrir 40 milljónir króna. Þá er gert ráð fyrir fjárfestingu í snjóflóðavörnum að upphæð 19 milljónir króna. Samtals er þá reiknað með 59 milljón króna fjárfestingu á árinu 2010. Á árinu 2011 og 2012 er reiknað með að fjárfesta fyrir 50 milljónir króna hvort ár. Fjárfestingarnar eru ótilgreindar, en ljóst er að ef áætlanir ganga eftir þá er ekki tekin áhætta með slíkum fjárfestingum, enda sýnir efnahagsreikningurinn það glögglega að jafnhliða væri verið að vinna niður skuldir sveitarfélagsins. Lykilatriði enn sem fyrr er að takist að ná tókum á verðbólgunni, en hátt verðbólguþig þýðir óbærilegan fjármagnskostnað fyrir sveitarfélagið.

Áætlunin „þolir“ þó ákveðna verðbólgu án þess að allt fari úr skorðum, en þá munu skuldir vissulega greiðast hægar niður.

Áætlunin gerir ráð fyrir að veltufé frá rekstri verði nálægt 150 milljónum króna hvert ár á meðan afborganir langtímalána eru 75 milljónir á árinu 2010. Á árunum 2011 er gert ráð fyrir að rekstrarafgangur sem er umfram það sem greiða þarf af lánnum og í fjárfestingar verði nýttur til að greiða enn frekar niður lán eins og kemur fram í sjóðstreymisýfirliti. Ekki er gert ráð fyrir nýjum lántökum á tímabilinu.



Skuldir og skuldbindingar A og B hluta voru í lok ársins 2008 krónur 1195 milljónir en veltufjármunir voru 125 milljónir króna. Nettóskuldir voru því 1070 milljónir. Áætlunin gerir ráð fyrir að nettóskuldir verði komnar í 921 milljón í lok ársins 2010 en í lok ársins 2012 verði þær 718 milljónir. Rétt er að minna á í þessu sambandi að tölurnar miðast við að verðbólga ársins 2009 verði 10% og árið 2010 verði hún 5%. Ekki er reiknað með verðbólgu á árunum 2011 og 2012 í áætlunum enda erfitt að spá nú fyrir um verðbólgu eftir 2 til 3 ár. Eigið fé sveitarfélagsins sem nú er neikvætt verður samkvæmt áætluninni orðið jákvætt í lok árs 2010 um 25 milljónir króna, jákvætt um 141 milljón króna í lok árs 2011 og jákvætt um 259 milljónir í árslok 2012.

Þriggja ára áætlun Bolungarvíkurkaupstaðar fyrir árin 2010, 2011 og 2012 er hér lögð fram til fyrri umræðu í bæjarstjórn.

Elías Jónatansson